

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 2014 í máli nr. E-2714/2012:**

**A**

*(Grímur Sigurðsson hrl.)*

**gegn**

**Verði tryggingum hf.**

*(Björn L. Bergsson hrl.)*

Mál þetta höfðaði A með stefnu birtri 7. ágúst 2012 á hendur Verði tryggingum hf., Borgartúni 25, Reykjavík. Málið var dómtekið 25. febrúar sl.

Stefnandi krefst þess að viðurkenndur verði réttur hans til greiðslu fullra bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar SY-736 hjá stefnda vegna tjóns af völdum slyss sem stefnandi varð fyrir þann 2. október 2011. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst þess að viðurkenndur verði bótaréttur stefnanda að hálfu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar SY-736 vegna afleiðinga umferðarslyss 2. október 2011, en að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda að öðru leyti. Stefndi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Bifreiðinni SY-736 var ekið á stefnanda á vestari akrein Lækjargötu, við gatnamót götunnar og Skólalbrúar, aðfaranótt sunnudagsins 2. október 2011. Stefnandi var þar á ferð fótgangandi með eiginkonu sinni. Nokkur blæbrigðamunur er á lýsingu atviksins í stefnu og greinargerð stefnda. Nærtækast er að lýsa atvikum eins og þau birtast á upptöku úr eftirlitsmyndavélum, sem staðsettar eru í Lækjargötu.

Stefnandi og eiginkona hans komu út Skólalbrú og komu að Lækjargötu sunnan við gatnamótin. Gengu þau rakleitt áleiðis yfir vestari akreinina, en þá var nýkomið rautt ljós fyrir gangandi vegfarendur á gangbrautinni norðan við gatnamótin. Ekki er gert ráð fyrir að gengið sé yfir götuna þar sem þau fóru. Fremsta bifreið í röðinni á hægri akrein Lækjargötu hugðist aka beint yfir gatnamótin, en fór hægt og stöðvaði er hún nálgadist þau, en sjá má að stefnandi gaf ökumanninum merki. Bifreiðinni SY-736 var ekið á vinstri akreininni og varð ökumaður hennar ekki var við þau fyrr en um seinan og lenti bifreiðin á þeim báðum. Köstuðust þau talsvert langt frá bifreiðinni við höggið og hlutu áverka.

Bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda á slysdegi. Eins og kröfugerð sýnir krefst stefnandi fullra bóta, en stefndi telur að skerða beri bætur til hans um helming vegna eigin sakar.

Stefnandi var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild. Áfengismagn í blóði hans mældist þar 1,36%. Nokkru meira mældist í blóði eiginkonu hans.

Stefnandi gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann reyndist ekki muna neitt sem máli skiptir fyrir úrlausn um sök og sakarskiptingu. Sama verður sagt um skýrslu eiginkonu hans. Þau kváðust hafa verið á árshátíð í Gullhömrum og ætlað sér að fara heim um eittleytið um nóttina. Mál hafi hins vegar æxlast svo að þau hafi farið með öðru fólki á Vínbarinn í Kirkjustræti. Þau hafi verið á leiðinni þaðan, ætlað sér að taka leigubíl í Lækjargötu. Eiginkona stefnanda kvaðst muna að hún hefði verið hægra megin við hann er þau gengu út á götuna.

Vitnið Ingvar Þorsteinsson, ökumaður SY-736, sagði í skýrslu sinni að hann hefði stöðvað bílinn við ljós í Bankastræti. Hann hefði svo beygt til vinstri inn í Lækjargötu og farið á vinstri akreinina. Hann hafi vitað af bíl á hægri akrein. Svo hafi hann allt í einu séð einhvern hlaupa yfir og hann hafi reynt að sveigja til vinstri án þess að keyra á staurinn. Hann kvaðst hafa verið nýbúinn að skipta úr fyrsta í annan gír. Hann hafi aðallega verið að fylgjast með staðsetningu bílsins við hliðina.

Ívar Logi Birgisson gaf skýrslu fyrir dómi. Hann var ökumaður bifreiðarinnar er stöðvað hafði á hægri akreininni er stefnandi og kona hans fóru yfir Lækjargötu. Hann sagði að hann hafi séð þau hjónin stíga út á götuna hinu megin þegar græna ljósið kom. Hann hafi ekið hægt af stað og ætlað að hleypa þeim yfir. Hann hafi svo séð bifreið koma vinstra megin. Þau hafi þá verið að koma að vinstri akreininni þegar bifreiðin kom.

Að kröfu stefnanda var dómkvaddur matsmaður til að reikna hraða bifreiðarinnar SY-736 umrætt sinn. Í matsgerð Magnúsar Þórs Jónssonar, prófessors í vélaverkfræði, er komist að þeirri niðurstöðu að bifreiðinni hafi verið ekið á 73 km hraða á klukkustund er hún fór framhjá umferðarljósunum á gatnamótum Lækjargötu og Skólalárbrúar. Hraðinn hafi verið 55 km á klukkustund þegar bifreiðin ók á stefnanda og eiginkonu hans.

Matsmaðurinn staðfesti matsgerð sína og niðurstöður fyrir dómi.

Ekki hafa verið lögð fram ítarleg gögn um áverka stefnanda og batahorfur, en á þessu stigi er einungis krafist viðurkenningar bótaskyldu. Frammi liggur vottorð Gunnars Brynjólfs Gunnarssonar, bæklunarskurðlæknis, dags. 12. janúar 2012. Þar segir að tölvusneiðmynd hafi sýnt marbreyingar hægra megin í heila. Þá sýni röntgenmynd að hann sé með tvíbrotinn sköflung og sperrilegg.

*Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir á því að meiðsl hans hafi hlotist af notkun bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Því sé ábyrgð á tjóninu hlutlæg. Hann mótmælir því að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og því eigi ekki að skerða bætur vegna eigin sakar. Ökumaður bifreiðarinnar hafi hins vegar sýnt af sér mikið aðgæsluleysi og slysið verði að öllu leyti rakið til þess.

Kröfunni er beint að stefnda, en ábyrgðartrygging vegna bifreiðarinnar var í gildi hjá stefnda á slysdegi.

Stefnandi byggir á því að slysið verði að öllu leyti rakið til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar SY-736. Bifreiðin á hægri akrein hafi stöðvað er stefnandi gekk út á götuna og því hafi hann haldið áfram ferð sinni. Bifreiðinni SY-736 hafi hins vegar verið ekið fram úr, án þess að ökumaður gætti að því hvers vegna hin bifreiðin hefði stöðvað.

Stefnandi lagði fram með stefnu eigin útreikninga á hraða bifreiðarinnar. Taldi hann að hraðinn hefði verið 50,1 km/klst. er bifreiðin nálgadist slysstað, en 75 km/klst. er ekið var á hana. Er þessum útreikningum var mótmælt aflagi hún matsgerðar eins og áður er rakið.

Stefnandi bendir á að samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga skuli miða ökuhraða við aðstæður, með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Hér hafi fólk verið á ferli og lítil kostur á hraðakstri vegna umferðarljósa og annarra hindrana.

Alvanalegt sé að fólk fari yfir götur á þessum stað og á þessum tíma, til þess að ná í leigubíl hinum megin götunnar. Þá hafi verið myrkur og rigning, sem hafi lagt auknar skyldur á ökumenn, sbr. b- og h-liði 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Þá hafi það eitt, að ökutækið sem keyrði á undan hægði á sér og stöðvaði, átt að gefa ökumanni til kynna að sérstakrar aðgæslu væri þörf. Þrátt fyrir allt þetta hafi ökumaður SY-736 ekið fram úr annarri bifreið, og aukið hraðann, án þess að gæta að aðstæðum. Hann hafi einnig brotið gegn 2. mgr. 17. gr. og 26. gr. umferðarlaga. Slysið megi að öllu leyti rekja til hegðunar ökumanns bifreiðarinnar.

Stefnandi mótmælir því að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Það að ganga yfir Lækjargötu við þessar aðstæður geti ekki talist gáleysi, hvað þá stórkostlegt gáleysi. Þá hafi ölvun ekki haft nein áhrif. Loks eigi 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 ekki við hér. Telur stefnandi að vítavert aðgæsluleysi sem ökumaður bifreiðarinnar SY-736 sýndi af sér og hin hlutlæga ábyrgð bifreiðaeigenda leiði til þess að ekki séu efni til að leggja meðábyrgð á hann.

Jafnvel þó að talið verði að stefnandi hafi sýnt af sér gáleysi þegar ekið var á hann, nægir það eitt ekki til þess að heimilt sé að skerða bætur honum til handa enda þurfi mikið til að koma svo að gáleysi geti talist stórkostlegt.

Um heimild til að leita viðurkenningardóms vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann telur sig eiga lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfu sína, enda hafi hann orðið fyrir töluverðum skaða vegna slyssins. Hann hafi orðið fyrir bæði tímabundnu og varanlegu tjóni.

Í munnlegum málflutningi vísaði stefnandi auk alls framangreinds til þess að dekkinn á bifreiðinni SY-736 hefðu verið of slitin og notkun þeirra hafi verið

óheimil. Vísaði hann hér til rannsóknargagna lögreglu þar sem kemur fram að dekkinn hafi verið misjafnlega mikið slitin. Á einu var komið að slitmerkjum, en á öðrum voru ýmist 1 eða 3 mm niður á slitmerki.

### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi andmælir því ekki að stefnandi eigi rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Lækka beri bætur til hans um helming þar sem hann hafi verið meðvaldur að slysinu af stórkostlegu gáleysi. Ekkert sé fram komið er bendi til þess að slysið megi rekja til bilunar í búnaði bifreiðarinnar eða ógætni ökumannsins.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi brotið umferðarreglur og almennar hátternisreglur gangandi vegfarenda. Hann hafi ekki gætt að sér er hann hafi gengið rակleitt í veg fyrir aðvífandi umferð bifreiða, í andstöðu við 1. mgr. 12. gr. umferðarlaga. Bifreiðin á hægri akrein hafi ekki numið staðar til þess að hleypa stefnanda yfir eins og ranglega sé byggt á í stefnu. Ökumaðurinn hafi neyðst til að stöðva, ella hefði hann keyrt á stefnanda.

Stefndi segir að stefnandi hafi ekki notað gangbraut sem hafi verið mjög nálægt, sbr. 1. ml. 2. mgr. 12. gr. umferðarlaga. Stefnandi hefði getað gengið norður yfir Skólabrú á grænu ljósi og beðið síðan eftir því að komast yfir Lækjargötu á grænu ljósi. Stefnandi mótmælir því að algengt sé að gangandi vegfarendur fari yfir á þeim stað sem stefnandi fór. Þarna sé ekki gert ráð fyrir umferð gangandi vegfarenda.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi gengið yfir akbrautina gegn rauðu ljósi, en það sé óheimilt samkvæmt 3. mgr. 12. gr. umferðarlaga. Ölvun gangandi vegfarenda réttlæti ekki brot gegn lögboðnum varúðarreglum. Neysla áfengis gefi sérstakt tilefni til að gæta varúðar. Stefnandi vísar hér til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Í lögskýringargögnum með því ákvæði komi fram að ölaði hafi sömu réttaráhrif og stórkostlegt gáleysi. Áfengismagn í blóði stefnanda hafi verið yfir þeim mörkum sem þar hafi verið miðað við.

Stefndi byggir á því að sérstaklega beri að horfa til þess að bótaskylda stefnda byggji á hlutrænni skyldu, ekkert liggi fyrir sem gefi tilefni til að ætla að framganga ökumanns bifreiðarinnar SY-736 hafi falið í sér saknæmt gáleysi. Hann hafi komið frá Hverfisgötu eftir vinstri akrein, en hægri akreinin sé sérmerkt strætisvögnum og leigubílum. Stefnandi mótmælir því að ökumaður hafi skipt um akrein beinlínis í þeim tilgangi að geta ekið fram úr hinni bifreiðinni á mikilli ferð þar sem hún hafði verið stöðvuð vegna farar stefnanda yfir götuna. Ökumaður hafi ekið beint eftir vinstri akrein allt frá Hverfisgötu suður Lækjargötu að Skólabrú. Ekki hafi verið sýnt fram á sök ökumannsins.

Í greinargerð var því mótmælt sérstaklega að bifreiðinni SY-736 hefði verið ekið of hratt. Eftir að matsgerð var lögð fram breyttist þessi málsástæða stefnda á þann veg að hraðinn hafi ekki verið orsök slyssins.

Loks bendir stefndi á að bifreiðin hafi ekki á nokkurn hátt vanbúin til aksturs umrætt sinn. Í málflutningi mótmælti stefndi þeirri málsástæðu stefnanda að dekk bifreiðarinnar hafi verið of slitin. Sagði hann að þessu hefði ekki verið hreyft í stefnu og því væri þetta of seint fram komið. Þá væri þetta ekki rétt, dekkinn hafi verið komin að mörkum, en ekki verið of slitin.

### *Niðurstaða*

Stefndi ber fyrir sig 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Ákvæði þetta gildir í skiptum váttryggingafélags og þess aðila sem kallast váttryggður, sbr. c-lið 2. gr. sömu laga. Stefnandi hefur hér ekki stöðu váttryggðs í þessum skilningi og ákvæðið gildir ekki um ábyrgðartryggingar.

Myndskeiðið er sýnir akstur bifreiðarinnar SY-736 ber augljóslega með sér að mjög hratt var ekið. Matsgerð Magnúsar Þórs Jónssonar hefur ekki verið hnekkt, en þar er komist að skýrri niðurstöðu um að bifreiðinni hafi verið ekið með yfir 70 km hraða á klukkustund. Var því ekið allt of hratt og af því skapaðist veruleg hættu.

Er bifreiðin kom að gatnamótunum bar ökumanni að gæta sérstakrar varúðar er hann sá að bifreiðinni á hægri akrein var ekki ekið rակleitt yfir gatnamótin. Hann sinnti því í engu en ók mjög hratt áfram.

Málsástæða um að dekk bifreiðarinnar hafi verið svo slitin að notkun þeirra hafi verið óheimil kom ekki fram í stefnu og hún felst ekki í neinu sem þar kemur fram skýrlega. Er hún því of seint fram komin og verður ekki gefinn frekari gaumur.

Stefnandi og eiginkona hans lögðu af stað yfir Lækjargötu þeim megin við hornið þar sem ekki er ætlast til að gangandi vegfarendur leggi leið sína, um það leyti sem grænt ljós kviknaði fyrir bílaumferð eftir götunni. Fljótlegt hefði verið fyrir þau að fara yfir Skólalabru og síðan yfir Lækjargötu á gangbrautinni, en þar stýra umferðarljós umferð. Í því sambandi verður einnig að líta til þess að þau höfðu verið í gleðskap frá því snemma um kvöldið og voru undir nokkrum áfengisáhrifum. Þá gættu þau sín ekki á því að tvær akreinar eru á Lækjargötu, en þau höfðu gengið úr skugga um að bifreiðin á hægri akrein hugðist bíða eftir að þau færu yfir.

Þegar litið er til þessara atriða allra verður ekki fallist á það með stefnda að stefnandi hafi sjálfur valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi. Vissulega gætti hann ekki allrar þeirrar varúðar er unnt var, en fráleitt er að telja að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna mótbárum stefnda, en þær eru allar á þessu reistar, sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Þarf þá ekki að ræða frekar hvort ökumaður bifreiðarinnar eigi sök á slysinu, en bótaskylda hins stefnda tryggingafélags verður viðurkennd á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar eiganda bifreiðarinnar, sbr. 1. mgr. 88. gr, sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga.

Stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 1.350.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð**

Stefnda, Verði tryggingum hf., ber að bæta stefnanda, A, að fullu það tjón er hann varð fyrir er hann slasaðist af völdum bifreiðarinnar SY-736 þann 2. október 2011 í Lækjargötu í Reykjavík.

Stefndi greiði stefnanda 1.350.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson